

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Skólasjóð Menntaskólans á Akureyri 1972

1. grein

Sjóðurinn heitir Skólasjóður Menntaskólans á Akureyri og skal honum varið skólanum til eflingar.

2. grein

Nemendur skólans skulu greiða árlegt gjald í sjóðinn eftir því sem kennarafundur ákveður hverju sinni. Gjald þetta innheimtist með öðrum skólagjöldum fyrsta vetrardag ár hvert.

3. grein

Sjóðurinn skal ávaxtaður í tryggri lánastofnun, vel tryggðum verðbréfum eða á annan öruggan hátt.

4. grein

Skólameistari er sjóðvörður og annast innheimtu og reikningshald, hann ákveður og einstakar fjárveitingar úr sjóðnum. Reikningar sjóðsins verða endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun eins og aðrir reikningar skólans.

5. grein

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Kennarafundur úrskurðar árlega samkvæmt tillögum skólameistara, hve miklum hluta af árstekjum sjóðsins skuli á ári hverju vera heimilt að verja samkvæmt tilgangi hans. Tekjuafgangur hvers árs leggst við höfuðstólinn.

6. grein

Tekjum sjóðsins skal varið til að fegra og prýða húsakynni skólans, til verðlauna handa nemendum, til að standa straum af gestamóttöku (fyrirlesara og heiðursboðsgesta), svo og til hvers er gera má skólavistina fjölbreytilegri og meira aðlaðandi fyrir nemendur, og til þess að skólinn fái sem best rækt menningar-
hlutverk sitt.

7. grein

Með þessari skipulagsskrá er Skipulagsskrá fyrir Skólasjóð Gagnfræðaskólans á Akureyri, staðfest 14. maí 1910, úr gildi numin.